# SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökulinn ber við loft...*

20090205
11.02.07
25.9.2020

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
**b.t. Jóns Þránds Stefánssonar**
**Skúlagötu 4**
**150 Reykjavík**

**Snæfellsbær, 21. september 2020**
Tilv. bréfs 31612

Á fundi bæjarráðs Snæfellsbæjar, þann 17. september 2020, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 11. september 2020, varðandi úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2020/2021.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rifi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 21. júlí 2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2020/2021.

Þó óskar bæjarstjórn Snæfellsbæjar eftir því að gerð verði eftirfarandi breyting á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ:

***Að í staðinn fyrir orðið „byggðarlag" verði notað orðið „sveitarfélag".***

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari